

Samskipta- og siðareglur Sameinaða lífeyrissjóðsins

1. gr. Almenn atriði

- Stjórn og starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins gera sér grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem felst í umsjón og ávöxtun þeirra fjármuna sem sjóðfélagar eru lögum samkvæmt skyldugir til að greiða til lífeyriskerfisins. Frumskylda lífeyrissjóðsins er fólgin í því að taka á móti iðgjöldum, úrskurða lífeyri og ávaxta sjóði sína til þess að hægt sé að standa við þær lífeyrisskuldbindingar sem á honum hvíla. Á sama tíma er sjóðnum, starfsmönnum hans og stjórn mikið í mun að fylgja þeim leikreglum sem samfélagið setur og draga úr hættunni á því að fjármunir í vörslu sjóðsins séu nýttir í vafasömum eða beinlínis skaðlegum tilgangi gagnvart samfélaginu og umhverfinu.
- Móttaka á iðgjöldum, úrskurðun lífeyris og eignastýring felur í sér samskipti við atvinnurekendur, sjóðfélaga, eftirlitsaðila og aðila á fjármálamarkaði. Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn sjóðsins rækti slík samskipti og séu um leið sem best í stakk búnir til að sinna starfi sínu fyrir sjóðinn. Með því má betur tryggja sem bestan árangur í rekstri sjóðsins á hverjum tíma. Stjórn og starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins áretta mikilvægi þess að slík samskipti byggji á almennum grunnreglum sem tryggja gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga.
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn hefur undirgengist reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og þá hefur sjóðurinn einnig unnið á grundvelli jafnræðisáætlunar sem tryggja á jafnrétti í starfsemi sjóðsins. Þær siðareglur sem stjórn og starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins starfa eftir er ætlað að styðja við ofangreind markmið og tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við þá samfélagslegu ábyrgð sem á honum hvílir.

2. gr. Umsýsla fjármuna

- Stjórn og starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins gera sér ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga.
- Stjórn og starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins halda í heiðri þá frumskyldu sína að fylgja þeim lögum og reglum sem starfsemi lífeyrissjóða er sett á hverjum tíma. Sömu kröfur eru gerðar til þeirra aðila sem sjóðurinn á í viðskiptum við og þeirra aðila sem fara með fjármuni í umboði hans.
- Stjórn og starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins eru meðvituð um að ákvarðanir um viðskipti sem teknar eru af starfsmönnum sjóðsins afla aðilum á fjármálamarkaði þjónustutekna. Allar slíkar þóknarir skulu bókaðar og flokkaðar eftir viðskiptavinum. Við endurskoðað uppgjör og könnunaruppgjör skulu slíkar þóknarir birtar stjórn.
- Skv. 1. mgr. 36. gr. laga um lífeyrissjóði segir að stjórn beri að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. Stjórn og starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins eru meðvituð um mikilvægi þess að starfsmenn verði að vera í stöðugu sambandi við þjónustuaðila sjóðsins á fjármálamarkaði. Mikilvægt er að þau samskipti byggji á almennum grunnreglum sem tryggja gott viðskiptasiðferði með væntingar og hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

3. gr. Samskipti starfsmanna við sjóðfélaga og atvinnurekendur

- Starfsmenn leggja sig fram um að koma ávallt fram við sjóðfélaga og atvinnurekendur á grundvelli jafnræðis, virðingar, sanngirni, kurteisi og af heilindum.

- Starfsmenn tryggja eftir fremsta megni að starfsemi sjóðsins einkennist af gagnsæi og að upplýsingar þar að lútandi séu sjóðfélögum og atvinnurekendum aðgengilegar og fram settar á skiljanlegan hátt.
- Þegar starfsmenn ræða við sjóðfélaga og atvinnurekendur í nafni Sameinaða lífeyrissjóðsins láta þeir ávallt álit sjóðsins í ljós en ekki sitt eigið, sé það annað en sjóðsins.

4. gr. Samskipti við eftirlitsaðila

- Sameinaði lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að lögum og reglum sem gilda um rekstur lífeyrissjóða sé fylgt í hvívetna. Í þeim tilgangi hefur Fjármálaeftirlitið lykilhlutverki að gegna og er lögð áhersla á að samskipti starfsmanna sjóðsins við stofnunina byggist á virðingu og hlutlægni. Einnig skulu starfsmenn byggja upp með sama hætti samskipti sín við innri og ytri endurskoðendur, lögfræðinga, tryggingastærðfræðinga og aðra þá sem eftirlit hafa með rekstri sjóðsins og veita honum sérfræðiaðstoð.

5. gr. Upplýsingagjöf og hagsmunaárekstrar

- Til að sjálfstæði og trúverðugleiki Sameinaða lífeyrissjóðsins verði tryggt þarf að ríkja gagnsæi við ákvarðanatöku innan hans. Stjórnarmönnum og starfsmönnum ber að vera vakandi fyrir öllum tengslum sem geta leitt til hagsmunaárekstra, t.a.m. gagnvart fjölskyldu, vinum, fyrirtækjum eða félögum. Það er hlutverk stjórnar og annarra stjórnenda sjóðsins að leysa úr álitamálum sem upp koma um tengsl af þessum toga.
- Stjórnarmenn og starfsmenn skulu gera stjórn grein fyrir þeim gjöfum og risnu sem þeir þiggja af þjónustuaðilum á fjármálamarkaði enda fari áætluð verðmæti yfir þau mörk sem skynsamleg geta talist.
- Starfsmönnum og stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins er óheimilt að hvetja til þess að þeim séu gefnar gjafir eða njóti annars persónulegs ávinnings frá þjónustuaðilum.

6. gr. Fundir vegna fræðslu- og viðskiptaferða

- Mikilvægt er að starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins haldi góðum tengslum við viðskipta- og þjónustuaðila og tryggi að upplýsingastreymi til sjóðsins sé með sem bestu móti. Með því gera þeir sjóðnum kleift að vernda hagsmuni sína og nýta þau viðskiptatækifæri sem sjóðnum standa til boða. Með þeim hætti er mestar líkur á því að þeir geti tryggt sjóðnum ávöxtun á fé hans með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma.
- Viðskiptafundir sem starfsmenn sækja verða að hafa skýrt kynningarinnihald, sem byggir á gögnum sem lögð eru fram því til stuðnings. Slíkum gögnum skal haldið til haga hjá sjóðnum ef af viðskiptum verður á meðan sjóðurinn er eigandi að viðkomandi eignum og í a.m.k. í eitt ár ef ekki verður af viðskiptum. Í kynningar- og fræðslugögnum verður að koma skýrt fram í hvaða tilgangi kynningin er boðuð.
- Vettvangur viðskipta- og fræðslufunda á ekki að krefjast ferðalaga umfram það sem nauðsynlegt getur talist. Krefjist slíkir fundir ferðalaga skal Sameinaði lífeyrissjóðurinn bera allan kostnað vegna ferða og upphalds.

7. gr. Eftirfylgni við reglurnar

- Þegar starfsmaður undirritar ráðningarsamning við Sameinaða lífeyrissjóðinn ber honum að kynna sér siðareglur sjóðsins. Í ráðningarsamningi er sérstaklega kveðið á um skuldbindingu starfsmanns við þær siðareglur sem sjóðnum eru settar á hverjum tíma.
- Þegar stjórnarmenn taka sæti í stjórn sjóðsins, gefst þeim kostur á að undirrita skuldbindingu sem felur í sér viðurkenningu á siðareglum Sameinaða lífeyrissjóðsins og mikilvægi þess að allir þeir sem starfi fyrir hans hönd þekki þær og virði.
- Stjórn og framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins hafa það hlutverk með höndum að halda umræðu um siðareglur sjóðsins og þekkingu á þeim, lifandi innan sjóðsins. Það gera þau með námskeiðahaldi og því að ýta undir umræðu meðal starfsmanna um þau siðferðilegu álitamál er upp koma í starfsemi sjóðsins.
- Telji stjórnarmaður eða starfsmaður Sameinaða lífeyrissjóðsins að einhver þeirra sem undir reglurnar heyri, hafi gerst brotlegur við þær, hefur viðkomandi möguleika á að leita til óháðs sérfræðings sem í kjölfarið leggur mat á ætlað brot og hvort efni standa til þess að gera stjórn sjóðsins sérstaklega grein fyrir málavöxtum. Eigi einn eða fleiri stjórnarmenn hlut að máli sem tekið er fyrir af stjórn, skulu þeir víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.
- Stjórn og framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins ber að tryggja aðgengi stjórnar og starfsmanna að óháðum sérfræðingi utan sjóðsins sem ætlað er að vera þeim aðila til ráðgjafar sem telur að siðareglur sjóðsins hafi verið brotnar.
- Siðareglur þessar skulu endurskoðaðar reglulega í nánú samráði starfsmanna og stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins. Jafnframt skulu reglurnar birtar á heimasíðu sjóðsins og sjóðfélögum gefinn kostur á að koma með ábendingar. Nýjar og endurskoðaðar reglur skulu taka gildi við staðfestingu stjórnar.

Samþykkt í stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins 25. maí 2009